

Desember 2001

Ársskýrsla 2000



EIS

EINKALEYFASTOFAN

Efnisyfirlit

- 3 Formáli
- 4 Umsóknir og skráningar á árinu 2000
 - Einkaleyfi – Vörumerki – Hönnunarvernd – Byggðarmerki
- 6 Ýmsar tölulegar upplýsingar
 - Skipting innlendra umsókna eftir landshlutum – Einkaleyfasókn Íslendinga í öðrum ríkjum
- 7 Um rekstur Einkaleyfastofunnar
 - Rekstrarafkoma á árinu – Fjöldi starfsmanna – Starfsmannastefna Námskeið - starfsmenntun – Endurbætur á heimasíðu - vörumerkjaskrá á Netinu – Upplýsingabæklingar – Saga hugverkaréttinda
- 8 Húsnæðismál
- 9 Endurskoðun laga um hugverkaréttindi
 - Undirbúningur laga og reglugerðar um hönnun
- 9 Samskipti við Iðnaðarráðuneyti
 - Efling vitundar um einkaleyfi – Athugun varðandi verkefnaflutninga út á landsbyggðina
- 10 Tengsl við innlend samtök og stofnanir
 - Samtök um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar – Félag umboðsmanna – Rannsóknarráð Íslands – Iðntæknistofnun Íslands – Áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar
- 11 Norrænt og alþjóðlegt samstarf
 - Fundir forstjóra norrænu einkaleyfastofnananna – Endurnýjun samnings við dönsku einkaleyfastofnunina – Starfshópur um einkaleyfi – Starfshópur um vörumerki – Hönnunarhópur – NIR-fundur – Alþjóðlegur samningur um einkaleyfi – Fundir stjórnarstofnana WIPO – EFTA-samningurinn – Sérfræðingahópur EFTA/ESB – Ráðstefna EPO Ráðstefna í Alicante – Samskipti við Eystrasaltsríki
- 14 Skipurit Einkaleyfastofu

Formáli

Á árinu tók Einkaleyfastofan á móti fleiri umsóknum um einkaleyfi og vörumerki en nokkru sinni áður. Þessi auknu umsvif settu mark sitt á rekstur stofnunarinnar á árinu og kölluðu m.a. á fjölgun starfsfólks og umfangsmiklar ráðstafanir í húsnæðismálum.

Á heildina litið var rekstrarafkoma stofnunarinnar mjög góð á árinu. Við mat á rekstrarárangri þarf að líta til fleiri þátta en fjárhagslegrar afkomu. Líka þarf og spyrja að hve miklu leyti hafi tekist hafi að uppfylla markmið um aukin gæði þjónustunnar og væntingar viðskiptavina í þeim efnum. Í skýrslunni kemur fram að vissir áfangar hafa náðst í þessu efni.


Einkaleyfastofan hefur sem fyrr tekið virkan þátt í norrænu og alþjóðlegu samstarfi á sviði hugverkaréttinda. Þá hefur stofnunin fylgst með framvindu Evrópusamstarfs á málavíðinu. – Forstjórar norrænu einkaleyfastofnananna funduðu tvisvar á árinu og vinnuhópar, skipaðir sérfræðingum stofnananna á hverju verndarsviði héldu marga fundi.

Þátttaka Íslands í norrænu samstarfi á þessu sviði hófst laust fyrir 1980. Samstarfið hefur haft ómetanlegt gildi fyrir þróun hugverkaréttinda hér á landi í smáu sem stóru. Og reynslan hefur sýnt að aðild Danmerkur, Svíþjóðar og Finnlands að Evrópusambandinu hefur ekki dregið að neinu marki úr áhuga einkaleyfa-stofanana þessarra ríkja á því að viðhalda þessu samstarfi.

Ísland gerðist aðili að Alþjóðahugverkastofnuninni WIPO árið 1986. Aðildarríki þessarar stofnunar Sameinuðu þjóðanna eru nú 178 talsins. Hlutverk stofnunarinnar er að efla

vernd hugverkaréttinda á heimsvísu. Síðustu árin hefur WIPO lagt mikla vinnu í gerð alþjóðasamninga er miða að frekri samræmingu meginreglna um hugverkaréttindi heldur en felast í Parísarsamningnum. Slíkur alþjóðasamningur á sviði vörumerkja („Trade Mark Law Treaty“) var samþykktur 1994. Á fundi WIPO í júní samþykktu svo aðildarríkin alþjóðlegan samning um einkaleyfi „Patent Law Treaty“ sem verið hefur í mótun í fimm ár. Samningurinn öðlast gildi þegar tíu aðildarríki hafa staðfest hann. Ísland er enn ekki aðili að þessum samningi.

Þótt formlegur réttur allra aðildarríkja WIPO til áhrifa á efni þessarra samninga sé tryggður fer ekki milli mála að það eru fyrst og fremst iðnríkin, sem í krafti forskots varðandi reynslu og þekkingu á þessum sviðum, hafa mest að segja um mótun samninganna og sem knýja á um gildistöku þeirra. – Einn umfangsmesti þátturinn í starfi WIPO er marghátuð aðstoð við einkaleyfastofnanir þróunarríkjanna í því skyni að draga úr því geigvænlega misvægi og aðstöðumun sem er til staðar á þessu sviði. Á fjárhagsáætlun stofnunarinnar fyrir árin 2000-2001 var gert ráð fyrir að rúmum 11% (um 47 millj. SFR) af heildarútgjöldum yrði varið til margháttaðra verkefna í þróunarríkjunum. – Fulltrúar Íslands á ársfundum WIPO hafa jafnan tekið undir sjónarmið þeirra sem hvatt hafa til enn frekari stuðnings við þróunarríkin á þessu sviði.




Gunnar Guttormsson
forstjóri

Umsóknir og skráningar á árinu 2000


Einkaleyfi

Umsóknir á árinu voru samtals 471 umsóknir. Það er mesti fjöldi einkaleyfisumsókna sem borist hefur stofnuninni á einu ári. Aukningin er liðlega 20% miðað við árið 1999. Frumumsóknir íslenskra aðila voru 51 talsins, en aðrar umsóknir voru 420 (347 árið 1999). Þar af voru yfirfærðar alþjóðlegar umsóknir (PCT) 405 talsins. Flestar þessara umsókna (um 95%) voru í “fasa 2“, þ.e. umsóknir sem hafa undirgengist forrannsókn. Tekið var á móti 6 alþjóðlegum frumumsóknum (PCT) frá íslenskum aðilum (14 árið 1999).

Veitt einkaleyfi á árinu voru samtals 16 (27 árið 1999). Þar af voru veitt 2 einkaleyfi til íslenskra aðila (6 árið 1999) og 14 til útlendra aðila (31 árið 1999). *Einkaleyfi í gildi* voru 237 í árslok.



Einkaleyfisumsóknir 1996-2000



Einkaleyfisumsóknir 2000
hlutfallsleg og töluleg skipting eftir löndum



Einkaleyfisumsóknir 2000
hlutfallsleg skipting eftir tæknisviðum

Vörumerki


Umsóknir og tilnefningar á árinu voru samtals 4636 (3934 árið 1999) sem er tæplega 18% aukning frá fyrra ári. Þar af voru tilnefningar vegna alþjóðlegra skráninga samkvæmt Madridbókuninni 2711 (2251 árið 1999) sem er rúmlega 20% aukning.

Umsóknir íslenskra aðila um skráningu vörumerkis hér á landi voru 954 (702 árið 1999) og um alþjóðlega skráningu 29 talsins (22 árið 1999) Umsóknir útlendra aðila um skráningu hér á landi voru 971 (1656 árið 1999).

Skráningar á landsbundnum umsóknum voru 1513 (944 árið 1999), þar af 645 í eigu íslenskra aðila og 868 í eigu útlendinga.




Hlutfallsleg skipting vörumerkjaumsókna 2000 eftir heimalandi umsækjanda



Hlutfallslegt skipting algengustu vöruflokka í vörumerkjaumsóknum 2000

Hönnunarvernd

Umsóknir voru 37 talsins (33 árið 1999), þar af 22 frá innlendum aðilum (24 árið 1999) og 15 frá erlendum umsækjendum (8 árið 1999). Skráðar hannanir voru 32 talsins (29 árið 1999), 22 frá íslenskum aðilum (22 árið 1999) og 19 frá erlendum aðilum (7 árið 1999).



Byggðarmerki

Á árinu var sótt um skráningu á 4 byggðarmerkjum og 3 byggðarmerki voru skráð á árinu.

Ýmsar tölulegar upplýsingar

Skipting innlendra umsókna eftir landshlutum árið 2000


Einkaleyfi	Fjöldi	%
Reykjavíkursvæðið	45	88,24
Vesturland	1	1,96
Vestfirðir	0	0
Norðurland vestra	0	0
Norðurland eystra	0	0
Austurland	0	0
Suðurland	1	1,96
Reykjanes	4	7,84
Samtals	51	100

Vörumerki	Fjöldi	%
Reykjavíkursvæðið	900	93,75
Vesturland	9	0,94
Vestfirðir	5	0,52
Norðurland vestra	1	0,10
Norðurland eystra	15	1,56
Austurland	9	0,94
Suðurland	11	1,15
Reykjanes	10	1,04
Samtals	960	100

Einkaleyfasókn Íslendinga

í öðrum ríkjum

Einkaleyfastofan leitaði eftir upplýsingum frá nokkrum ríkjum varðandi fjölda umsókna og einkaleyfi í eigu íslenskra aðila. Eftirfarandi stólparit gefur hugmynd um það sem kalla mætti einkaleyfasókn Íslendinga í þeim 12 ríkjum sem svöruðu fyrirspurn stofnunarinnar. Stólparnir sýna samanlagðan fjölda einkaleyfisumsókna og veittra einkaleyfa á hverju ári. Til glöggvunar eru ríkin sem um ræðir talin upp hér á eftir. Fyrri svigatalan segir til um fjölda einkaleyfisumsókna og sú síðari um fjölda veittra einkaleyfa á því fimm



ára tímabili sem upplýsingarnar ná til: Belgía (2/0), Bandaríkin (83/31), Bretland (15/1), Danmörk (16/3), Finnland (5/2), Noregur (13/3), Japan (2/2), Sviss (0/6), Svíþjóð (1/6), og Þýskaland (6/2). Í tveimur tilvikum (Sviss, Svíþjóð) eru einkaleyfi veitt af Evrópsku einkaleyfastofnuninni (EPO) talin með. Í tveimur af þeim 12 ríkjum sem svöruðu fyrirspurninni höfðu íslenskir aðilar hvorki lagt inn né fengið einkaleyfi veitt á tímabilinu. Eins og sjá má eru flestar umsóknir lagðar inn í Bandaríkjunum.

Um rekstur Einkaleyfastofunnar

Rekstrarafkoma á árinu

Rekstrartekjur ársins voru 115 millj. kr. móti 98,3 millj. kr. á árinu 1999. Aukning milli ára var þannig tæpar 17 millj. kr. eða um 17 %.

Rekstrarkostnaður ársins var 83,8 millj. kr. móti 65,6 millj. kr. árið 1999. Útgjaldaaukning frá fyrra ári var því um 18 millj. kr. eða um 28,0%. Tekjur ársins umfram gjöld voru um 31 millj. kr.

Þessi hagstæða rekstrarafkoma skýrist m.a. af mikilli fjölgun umsókna á sviði einkaleyfa og vörumerkja (um 20% og 18% í hvoru tilviki miðað við fyrra ár). – Við mat á þessum tölum verður að hafa í huga að verulegur hluti kostnaðar við meðferð umsókna kemur fram síðar.

Gjaldskrá stofnunarinnar hefur verið nær óbreytt frá 1. janúar 1997. Má því segja að veruleg framleiðniaukning hafi orðið í starfsemi síðustu árin vegna lægri tilkostnaðar á hverja þjónustueiningu.

Fjöldi starfsmanna

Fastir starfsmenn voru 19 talsins í lok ársins, 16 konur og 3 karlar. Að auki störfuðu tveir starfsmenn um skemmri tíma við afmörkuð verkefni.

Starfsmannastefna

Hafin var á árinu skipuleg vinna við mótun starfsmannastefnu og myndaðir voru vinnuhópar um einstaka þætti sem lúta að stöðu og samskiptum starfsmanna á vinnustaðnum. Gert er ráð fyrir að stefnumótuninni ljúki á næsta ári.

Námskeið – starfmenntun

Á árinu sótti um helmingur starfsmanna námskeið hérlendis af ýmsu tagi. Fjórir starfsmenn sóttu tungumálanámskeið (enska og danska) og aðrir fjórir tölvunámskeið (Word, Exel og PowerPoint). Tveir starfsmenn sóttu almenn námskeið um hugverkavernd og einn starfsmaður sótti viðamikil námskeið um opinbera stjórnsýslu.

Lögfræðingur á vörumerkjadeild sótti námskeið hjá sænsku hugverkastofnuninni. um meðhöndlun alþjóðlegra vörumerkja-umsókna skv. Madridbókuninni.

Endurbætur á heimasíðu – Vörumerkjaskrá á Netinu

Auglýsingastofunni Næst og sérfræðingi hjá Nýherja var í janúar falið að endurbæta heimasíðu stofnunarinnar út frá fyrirliggjandi hugmyndum starfsmanna. Jafnframt var Nýherja falin tæknileg vinna við að koma vörumerkjaskránni á Netið. Ráðgjöf og aðstoð af hálfu ELS var á hendi núverandi netstjóra og fyrrverandi tölvunarfræðings hjá stofnuninni.

Síðari hluta ársins var opnað aðgengi að skránni í tilraunaskyni og óskað eftir athugasemdum og ábendingum viðskiptavina. Unnt er að skoða skráð vörumerki eftir skráningarnúmeri. Þá er hægt að kalla fram á skjá orðmerki sem samsvara leitarskilyrði notandans, þ.e. merki sem eru nákvæmlega eins skrifuð. Í athugun er að auka möguleika viðskiptavina varðandi leit í skránni.

Upplýsingabæklingar

Unnið var að undirbúningi og útlitshönnun þriggja nýrra og/eða endurbættra upplýsingabæklinga, þ.e. almenns bæklinga um hugverkaréttindi, bæklinga um einkaleyfi og bæklinga um hönnun. – Til að auðrelda útsendingu og afhendingu allra bæklinganna og annarra upplýsingagagna stofnunarinnar var ákveðið að láta hanna hentuga möppu er afhent yrði viðskiptavinum.

Saga hugverkaréttinda

Á árinu var lokið frágangi og yfirlestri handrits og unnið að söfnun og gerð mynda. Ákveðið var að stefna að útgáfu bókarinnar fyrir tíu ára afmæli stofnunarinnar á árinu 2001. Samið var við Gísla B. Björnsson, teiknara um að sjá um útlit bókarinnar og Auglýsingastofuna Næst um að annast umbrot. – Tekið var verðtilboði Gutenberg ehf. um prentun bókarinnar.

Húsnæðismál

Á síðari hluta árs 1999 fór að þrengja verulega að stofnuninni í húsnæðinu á Lindargötu 9. Þá var hafist handa við leit að hentugu húsnæði og teknar voru upp viðræður við iðnaðarráðuneyti og fjármálaráðuneyti um hugsanleg úrræði. Í ársbyrjun 2000 gerði stofnunin

iðnaðarráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu (sem umsýsluaðila húsnæðisins á Lindargötu) ítarlega grein fyrir stöðu mála og fór fram á aðstoð ráðuneytanna vegna leigu eða kaupa á öðru húsnæði vegna aukinna umsvifa í starfsemi.

Í mars óskaði iðnaðarráðuneytið eftir því við fjármálaráðuneytið að það auglýsti eftir húsnæði fyrir Einkaleyfastofuna. Eftir umfjöllun í því ráðuneyti og samráð við iðnaðarráðuneyti um málið var auglýst eftir húsnæði um miðjan júní.

Í ágúst var undirritaður samningur við Fossberg ehf. um leigu á 2. og 3. hæð Skúlagötu 63. Samningurinn var með kaup- og forkaupsréttarákvæðum. Fyrir lá að fram þyrftu að fara verulegar endurbætur á þessum tveimur hæðum og að setja þyrfti lyftu í húsið. Með tilliti til kaupréttarákvæðis leigusamningsins beitti iðnaðarráðuneyti sér fyrir því að í 7. gr. fjárlaga fyrir árið 2001 yrði tekin upp heimild vegna hugsanlegra kaupa Einkaleyfastofu á framtíðarhúsnæði fyrir starfsemi.

Í september óskaði Einkaleyfastofan eftir því við Framkvæmdasýslu ríkisins að stofnunin sæi um undirbúning og framkvæmdir vegna endurbótanna. Stofnunin tilnefndi verkefnisstjóra og í samráði við hann var ráðinn arkitekt til að gera tillögur um hönnun innréttinga og lyftu.

Í lok október hélt hönnunarhópur vegna framkvæmdanna sinn fyrsta fund. Starfsmenn ELS ræddu í sinn hóp megintilhögun innréttinga með tilliti til verkferla. Deildarstjórar samræmdu hugmyndir starfsmanna og ræddu þær á fundum með arkitekt.

Ráðgjafasamningur um hönnun var undirritaður í nóvember.

Í desember var leitað eftir heimild

Samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir til að fela Framkvæmdasýslu að auglýsa útboð í framkvæmdirnar. Nefndin mæltist eindregið til þess að frestað yrði um sinn framkvæmdum á 3. hæð. Fallist var á tilmælin. Nefndinni var send sundurliðuð kostnaðaráætlun (44,3 mkr.) um endurbæturnar. Útboð í framkvæmdirnar var auglýst upp úr miðjum desember.

Endurskoðun laga um hugverkaréttindi

Lög um hönnunarvernd

Nefnd sú er iðnaðarráðherra skipaði til að endurskoða lög um hönnunarvernd með hliðsjón af tilskipun Evrópusambandsins (98/71/ESB) lauk störfum á árinu. Nefndin skilaði frumvarpi að lögum um hönnun ásamt greinargerð. Tillögur norræns vinnuhóps á þessi sviði komu að miklu gagni við undirbúning frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að frumvarpið verði lagt fram fram á næsta þingi. Frumvarpið mun hafa að geyma ákvæði um heimild til að Ísland gerist aðili að Haag-samningnum um alþjóðlega skráningu hönnunar. Hafinn var undirbúningur að samningu viðeigandi reglugerðar.

Samskipti við iðnaðarráðuneyti

Efling vitundar um einkaleyfi.

Nefnd sú er iðnaðarráðuneytið skipaði í desember '99 til að vinna að framkvæmd tillagna um þetta efni gekkst m.a. fyrir

ráðstefnu í maí undir yfirskriftinni „Hugvit til fjár“. Ráðstefnan var haldin á Hótel Íslandi. Samstarfsaðilar voru Rannís, Einkaleyfastofan, Samtök iðnaðarins, Háskóli Íslands, Iðntæknistofnun Íslands, Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins, Samtök atvinnulífsins, SVESI, Menntamálaráðuneytið og Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið. Meðal fyrirlesara var Sven Valentin, framkvæmdastjóri Novi A/S í Danmörku. Hann fjallaði um reynslu af nýrri löggjöf um uppfinningar háskólamanna samhliða auknum stuðningi við markaðsfærslu. Ráðstefnuna sóttu um 70 manns. – Nefndin boðaði ýmsa aðila er tengjast verkefninu á sinn fund í þeim tilgangi fá upplýsingar og yfirsýn um það sem er að gerast í þessum málum og mynda grunn að samstarfsvettvangi. Meðal þeirra er komu á fund nefndarinnar voru starfsmenn frá rannsóknarstofnunum atvinnuveganna, Sam-tökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, HÍ, Rannís og ráðuneytum atvinnuveganna. Einkaleyfastofan studdi við verkefnið m.a. með tímabundinni ráðningu starfsmanns sem vann fyrir nefndina.

Athugun varðandi verkefnaflutninga út á landsbyggðina

Í febrúar boðaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra ráðherra stofnanir sem heyra undir ráðuneytið til fundar um þetta málefni. Óskað var eftir hugmyndum stofnananna um verkefni sem hugsanlega mætti flytja frá stofnuninni. Einkaleyfastofan gerði ráðuneytinu grein fyrir hugmyndum sínum í marsmánuði.

Einkaleyfastofan var síðar á árinu (sept-okt) í hópi sjö stofnana undir iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti sem ráðgjafafyrirtækinu PricewaterhouseCoopers (PwC) var falið að

gera úttekt á „með tillit til þess hvort hægt sé að flytja starfsemi þeirra eða einstök verkefni, að hluta til eða í heild, út á landsbyggðina“.

(Skýrsla PwC: Úttekt á möguleikum á flutningi einstakra verkefna eða stofnana iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis til landsbyggðarinnar. Nóvember 2000). Verkefnið var m.a. liður í framkvæmd þingsályktunartillögu um stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum 1999-2001.

Niðurstöður PwC, að því er Einkaleyfstofuna varðar, voru að áliti stofnunarinnar ekki í samræmi við þær upplýsingar sem stofnunin lét rágjafafyrirtækinu í té og fram komu í viðtölum starfsmanna við ráðgjafa PwC. Þannig tóku niðurstöðurnar ekki nema að litlu leyti mið af nálægð stofnunarinnar við stærsta viðskiptavinahópinn og þeim veruleika að um og yfir 90% viðskiptavina eða umboðsmanna þeirra eru búsettir á suðvesturhorni landsins.

Í niðurstöðum ráðgjafa PwC var hugsanleg lögleiðing rafrænna undirskrifa gerð að aðalatriði og meginforsendu fyrir þeirri ályktun að: „Ef tæknin yrði nýtt til fullnustu þá mælir ekkert gegn því að færa stofnunina út á land í nánustu framtíð“ (bls. 11 í skýrslunni).

Stofnunin fékk tækifæri til að gera athugasemdir við lokadrög að skýrslunni. Þar var lögð áhersla á ýmis atriði væru í mótsögn við upplýsingar sem fram komu í viðtölum og skriflegum ábendingum stofnunarinnar; meginniðurstaðan væri byggð á tæknilegu atriði sem hvorki nú eða í framtíðinni myndi ráða úrslitum um það hvar hagkvæmast væri að starfrækja Einkaleyfastofuna. Í því efni ætti sama við hvort heldur litið væri til hagsmuna viðskiptavina eða ríkisins. – Í lokagerð skýrslunnar var ekki tekið tillit þessara athugasemda.

Tengsl við innlend samtök og stofnanir

Ýmis samtök og stofnanir láta hugverkaréttindi í iðnaði til sín taka. Hugverkaréttindi tengjast oft verkefnum þessara aðila með beinum eða óbeinum hætti. Það er í takt við þróunina í nálægum löndum að hugverkaréttindi hafa á síðustu árum fengið aukið vægi í rannsókn- og þróunarstarfsemi og atvinnulífi yfirleitt. Fjölmargir aðilar hafa því beinan eða óbeinan hag af því að málaflökknum sé vel sinnt í stjórnkerfinu. – Samstarf Einkaleyfastofunnar við þessa aðila er ekki síst á sviði fræðslu og gagnkvæmrar upplýsingamiðlunar. En einnig liggja leiðir saman vegna þátttöku í innlendum verkefnum og alþjóðlegu samstarfi.

Hér verður stuttlega getið um samstarf og tengsl við þessa aðila.

Samtök um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar (SVESI)

Samtökin vinna einkum að fræðslu og upplýsingamiðlun um hugverkaréttindi. Þau eiga aðild að alþjóðlegum samtökum (AIPPI) sem vinna að sama markmiði. – Á árinu átti ELS m.a. samstarf við SVESI vegna ráðstefnunnar „Hugvit til fjár“ sem áður er getið. Samtökin höfðu m.a. milligöngu um að fá fyrirlesara frá Danmörku, Svend Valentin, framkvæmdastjóra Novi A/S.

Félag umboðsmanna einkaleyfa og vörumerkja

Samskipti við félagið felast aðallega í upplýsingagjöf. Þannig kynnir ELS stjórn félagsins að jafnaði ef um meiriháttar breytingar og nýjungar eru á döfnni varðandi hugverkaréttindi.

Stofnunin hélt (í okt.) fund með stjórn

félagsins þar sem gerð var m.a. grein fyrir stöðu mála varðandi samningu frv. um hönnun, umfjöllun innan stjórnkerfisins um rétt starfsmanna til uppfinninga og stöðu mála varðandi smáeinkaleyfi. Þá gerðu starfsmenn ELS grein fyrir ýmsum breytingum sem eru á döfinni varðandi málsmeðferð umsókna á einstökum réttindasviðum. Að lokum var stjórnarmönnum kynnt endurbætt heimasíða stofnunarinnar og væntanlegt aðgengi að rafrænni vörumerkjaskrá.

Rannsóknarráð Íslands (Rannís)

Rannís hefur á síðustu árum lagt aukna áherslu á mikilvægi einkaleyfa í rannsókn- og þróunarstarfi. ELS tók í janúar þátt í fundi fyrirtækja, stofnana og samtaka sem Rannís boðaði til í þeim tilgangi að fjalla um stoðkerfi nýsköpunar. Með stoðkerfi er átt við aðila sem veita atvinnulífinu markaðslega, tæknilega- eða fjárhagslega aðstoð. Ákveðið var að mynda tvo vinnuhópa í þessu skyni. – Rannís var í hópi aðila sem ELS átti samstarf við varðandi ráðstefnuna „Hugvit til fjár“. – Á árinu hvatti Rannís ELS til að afla upplýsinga um einkaleyfasókn Íslendinga í útlöndum. Niðurstaða af þeirri upplýsingasöfnun birtist á bls. 6-7.

Iðntæknistofnun Íslands (ITÍ)

Í mars fjölluðu starfsmenn ELS um einkaleyfa-kerfið og meðhöndlun einkaleyfisumsókna á námskeiði sem ITÍ hélt fyrir starfsmenn sína.

Vegna samskipta og ráðgjafar við þá sem vinna að nýjungum í atvinnulífi (frumkvöðla) þarf ITÍ að fylgjast vel með þróun á sviði hugverkaréttinda. Ýmsir sérfræðingar stofnunarinnar hafa því staðgóða þekkingu á þessu sviði.

Áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar

Nefndin heyrir undir iðnaðarráðuneytið. Til nefndarinnar má áfrýja ákvörðunum Einkaleyfastofunnar samkvæmt gildandi lögum um einkaleyfi, vörumerki og hönnun. Reglugerð um nefndina var sett var á árinu (nr. 41/2000). Í nefndinni eiga sæti þrír menn og skal formaður hennar vera lögfræðingur með sérþekkingu á hugverkarétti.

Formaður nefndarinnar er Erla S. Árna-dóttir, lögfræðingur. Úrskurðir nefndarinnar eru öllum aðgengilegir.

Norrænt og alþjóðlegt samstarf

Fundir forstjóra einkaleyfastofnanna

Forstjórar stofnananna áttu með sér tvo fundi á árinu. Sá fyrri var haldinn í Osló í apríl og sá síðari í Álaborg í nóvember. Á þessum fundum var farið yfir skýrslur norrænna vinnuhópa, rædd framvinda verkefna og teknar ákvarðanir um framhald þeirra. Jafnframt ræddu forstjórnarnir þróun mála hjá WIPO og á vettvangi Evrópusamstarfsins (EPO, ESB og OHIM). – Einn fundur var haldinn með forstjórum einkaleyfastofnananna í Eystra-saltsríkjunum (sjá bls. 14).

Endurnýjun samnings við dönsku einkaleyfastofnunina um rannsókn á einkaleyfum.

Í febrúar sömdu Einkaleyfastofan og danska einkaleyfastofnunin (PVS) um framlengingu á samningi stofnananna (frá des. 1991) um rannsókn PVS á íslenskum einkaleyfis-

umsóknnum. Tekið var inn í samninginn ákvæði um að þegar PCT-umsóknir eiga í hlut skuli einungis rannsaka norrænt efni. Síðustu 3 árin hafa að jafnaði verið sendar rúmlega 50 umsóknir á ári til PVS. Um 20% þessara umsókna þurfti að senda tvisvar og um 7% þrisvar áður en endanleg niðurstaða fékkst. – Kostnaður við rannsókn er innifalinn í umsóknargjaldi.

Starfshópur um einkaleyfi

Norrænn vinnuhópur á sviði einkaleyfa (NAP) hittist þrisvar á árinu: í Kaupmannahöfn í janúar og nóvember, í Reykjavík í maí og í Osló í júní.

Á júní-fundinum í Osló var m.a. greint frá starfi norsku einkaleyfastofnunarinnar við að samræma meðhöndlun einkaleyfisumsókna því verklagi sem tíðkast hjá EPO. Rætt var um athuganir á tímaþörf við meðhöndlun einkaleyfisumsókna („benchmarking“-verk-efnið), en Ísland er ekki beinn þátttakandi í verkefninu. Skipst var á skoðunum um veitingu einkaleyfa á hugbúnaði, reynslu landanna varðandi greiðslu gjalda (af kröfum umfram 10) vegna PCT-umsókna og framkvæmd varðandi fresti til að skila umboðum.

Á nóvember fundinum var m.a. rætt um PLT-samninginn („Patent Law Treaty“) og samræmingu einkaleyfa almennt. Rætt var um rafræna meðhöndlun gagn bæði við móttöku og nýnæmirannsókn. Þá var rætt um ESB-einkaleyfi og endurskoðun að EPC-samningnum. Þá kom fram að þörf væri á sérstökum vinnuhópi til að fjalla um mál tengd einkaleyfum á líftækni.

Starfshópur um vörumerki

Norrænn vinnuhópur um vörumerkjámál kom saman tvisvar á árinu. Fyrri fundurinn var í Osló

í júní og sá síðari í Söderhamn í Svíþjóð.

Á Óslófundinum var m.a. rætt um fram-tíðarfyrirkomulag funda hópsins út frá því markmiði að gera samstarfið sem markvissast og gagnlegast. Verkefna- og starfsmanna-stjórnun var rædd, þ.á m. hvaða leiðir væru ákjósanlegar til að ná settum markmiðum. Hvert ríki gerði grein fyrir vinnuferli og verka-skiptingu á stofnununum. Þá voru þróun og sérstök álitæfni á einstökum sviðum vörumerkjaréttarins tekin til skoðunar.

Á Söderhamnfundinum var m.a. farið yfir tillögur WIPO um breytingar á reglugerðinni með Madrid-samningnum og Madrid-bókuninni. Þá voru rædd ýmis atriði varðandi framkvæmd á Madridbókuninni.

Hönnunarhópur

Hópurinn fundaði tvisvar á árinu í Osló í júní og í Kaupmannahöfn í ágúst.

Á báðum þessum fundum var fjallað um þær breytingar sem nauðsynlegt er að gera á hönnunarlögum landanna í framhaldi af tilskipun nr. 98/71/ESB. Hópurinn taldi að með norrænni samvinnu á þessu sviði yrðu hönnunarlög landanna samræmd svo sem frekast er kostur.

NIR-fundur

Fundur norrænna áhugasamtaka um vernd hugverkaréttinda (Nordisk Immaterial Rättskydd, NIR) var haldinn í Åbo í Finnlandi í lok ágúst. Á fundinum var m.a. fjallað um áhrif hins „nýja hagkerfis“ á vernd hugverkaréttinda og hugsanleg viðbrögð Evrópuríkja við þróun í Bandaríkjunum varðandi veitingu einkaleyfa á viðskipta-hugmyndum („business methods“ – 600 slík leyfi hafa verið veitt frá 1999). Þá var fjallað um hugsanlega óvissu vegna skörunar verndar

á sama hugverkinu; einnig um dómstólakerfi Evrópsku einkaleyfastofnunarinnar.

Forstjóri ELS sótti fundinn. Frá SVESI voru tveir fulltrúar.

Alþjóðlegur samningur um einkaleyfi.

Á fundi WIPO í júní samþykktu aðildarríkin, eftir fimm ára samningaferli, alþjóðlegan samning um einkaleyfi („Patent Law Treaty“) sem fjallar um samræmingu á formkröfum varðandi frágang og meðhöndlun einkaleyfisumsókna. – Helsti ávinningur við samninginn er að í nokkrum ríkjum mun hann hafa í för með sér lækkun kostnaðar við öflun einkaleyfa. Tíu aðildarríki þurfa að staðfesta samninginn til þess að hann öðlist gildi.

Forstjóri Einkaleyfastofunnar sat fundinn. Ísland undirritaði ekki samninginn.

Fundir stjórnarstofnana WIPO

Árlegur fundur stjórnarstofnana WIPO var haldinn í Genf í lok september. 178 ríki eru nú aðilar að stofnuninni. Á ársfundunum er m.a. fjallað um skýrslu aðalframkvæmdastjóra stofnunarinnar og fjárhagsáætlun fyrir næsta tímabil. Þá eru lagðar fram breytingartillögur varðandi þá samninga sem undir stofnunina heyra og framkvæmd þeirra, og gerð grein fyrir verkefnum sem stofnunin vinnur að.

Meðal sérmála sem lágu fyrir fundinum var áætlun um að hrinda af stað verkefni sem miðar að því að auka þekkingu á hugverkaréttindum í minni og meðalstórum fyrirtækjum.

Umfangsmestu hugverkaréttarsamningarnir sem WIPO sér um framkvæmd á eru PCT-samningurinn á sviði einkaleyfa og Madrid-samningurinn á sviði vörumerkja. PCT-umsóknum fjölgaði um 23% frá árinu 1999 og Madrid-umsóknum um 15%. Aðstoð WIPO

við þróunarríkin („Developing program“) í formi þjálfunar og námskeiða tók til 130 ríkja og náði til um 11 þúsund manns.

Forstjóri og yfirlögfræðingur Einkaleyfastofunnar sóttu fundinn.

EFTA-samningurinn

Í mars var boðað til fundar í Genf til að ræða endurskoðun á EFTA-samningnum. Ákvæði um hugverkarétt voru ekki í eldri samningnum, en á þessu ári var unnið að því að slíkur kafla yrði hluti af nýja samningnum.

Yfirlögfræðingur ELS sótti fundinn.

Sérfræðingahópur EFTA/ESB

Hópurinn hélt þrjá fundi á árinu (í janúar, júlí og október). Á fundunum var m.a. fjallað um einkaleyfakerfi ESB (Community Patent Convention, CPC), smáeinkaleyfi, tæmingu vörumerkjaréttinda líftæknilskipun og útgáfu skýrslu („græn-bókar“) um aðgerðir gegn eftirlíkingum.

Ráðstefna EPO

Íslandi var boðið að taka þátt í ráðstefnu EPO sem haldin var í London í október. Þar var fjallað um breytingar á Evrópusamningnum um einkaleyfi (European Patent Convention, EPC). Á fundinum var undirritaður samningur (svonefndur London-samningur) um breyttar kröfur varðandi þýðingar á einkaleyfisumsóknum og einkaleyfum. Tilgangurinn er að lækka kostnað við einkaleyfisumsóknir.

Yfirlögfræðingur ELS sótti fundinn.

Ráðstefna ESB í Alicante

Efni ráðstefnunnar var „hugverkaréttindi og staða þeirra í heiminum í dag“. Fyrirlesarar voru háttsettir stjórnendur hjá ESB, WIPO og evrópsku vörumerkjastofnuninni, OHIM. Þeir fjölluðu um stöðu mála, þróun og væntanlegar breytingar hjá viðkomandi stofnunum:

Hjá ESB m.a. um OHIM, CPC og hönnunar-rétt; hjá WIPO einkum um PCT, Madrid-samninginn og málefni WTO; og hjá OHIM um reynslu af starfsemi stofnunarinnar til þessa. Áætlað er að OHIM muni taka við um 60 þúsund vörumerkjaumsóknum á árinu.


Yfirlögfræðingur Einkaleyfastofunnar sótti fundinn.

Samskipti við Eystrasaltsríki

Sameiginlegur fundur forstjóra norrænu einkaleyfastofnananna og Eystrasaltsríkjanna var haldinn í Helsingfors í byrjun maí.

Tilgangur fundarins var m.a. að upplýsa forstöðumenn síðarnefndu stofnananna um viðhorf norrænu stofnananna til þróunar hugverkaréttinda í Evrópu. Einnig var skipst á skoðunum um aðgerðir sem örvað gætu þróun hugverkaréttinda og nýsköpun í Eystrasalts-ríkjunum. Málefni á vettvangi WIPO bar einnig á góma.

Einkaleyfastofan Skipurit 2000





EIS

EINKALEYFASTOFAN

Heimilisfang: Skúlagata 63 • 150 Reykjavík
Sími: 580 9400 • Fax: 580 9401 • Netfang: postur@els.stjr.is